

## Greiðsluseðlar að berast félagsmönnum

Nú ætti félögum í FFF að fara að berast greiðsluseðill fyrir félagsgjaldinu fyrir starfsárið 2009-2010. Stjórn FFF vonar að félagsmenn bregðist vel við og greiði greiðsluseðilinn sem allra fyrst. Á síðasta ári fór

stjórn FFF þá leið að senda þeim sem greiddu félagsgjaldið USB lykil merktan félaginu. Stjórn FFF vill halda í þá hefð að láta eitthvað fylgja félagsgjaldinu og í ár hefur verið ákveðið að senda þeim sem greiða

félagsgjaldið nýsamþykktar siðareglur félagsins í veglegum ramma. Þannig geta félagar FFF haft siðareglurnar fyrir augunum við dagleg störf og vakið athygli á siðareglunum við aðra.



## Frístundabjónustan á Íslandi í kreppu

Næstkomandi föstudag, 20. nóvember kl. 12, verður haldinn fyrsti hádegisverðarfundur FFF það sem af er vetri. Yfirkrift hans er "Frístundabjónusta á Íslandi í kreppu." Fundurinn verður í fundarsal í kjallara í verslun Maður lifandi, Borgartúni 24 í Reykjavík

sem er breytt staðsetning frá fyrri fundum. Að venju gefst fundargestum kostur á að kaupa súpu og brauð á sanngjörnu verði. Á fundinn hafa verið boðaðir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðbjartur Hannesson, tómstundakennari

(fritidspædagog) og þingmaður Samfylkingarinnar, Bjarni Gunnarsson, formaður FÍÆT og Óskar Dýrmundur Ólafsson, formaður Æskulýðsráðs. Munu þeir flytja stutt erindi og svo verða umræður. Við hvetjum félagsmenn til þess að fjölmenna.

## Nýir félagar



**Kristinn J. Reimarsson**, frístunda og menningarfulltrúi hjá Grindavíkurkaupstað. **Gunnlaugur Guðmundsson**, aðstoðarforstöðumaður í félagsmiðstöðinni Selinu. **Anna Þorsteinsdóttir**, forstöðum. tómstundahúsa Árborgar. **Haraldur Sigurðsson**, forstöðum. frístundamiðstöðvarinnar Krunglumýrar. **Bjarni Þórðarson**, frístundaráðgjafi í félagsm. Tíunni. **Hlynur Birgisson**, umsjónarmaður félagsm. Tróju. **Linda Hildur Leifsdóttir**, verkefnisstj. í félagsm. Mosanum. **Helgi Jónsson**, tómstunda- og félagsmálafræðingur og

verkefnisstj. hjá Skátasambandi Rvk. **Sigríður Theodóra Egilsdóttir**, forstöðum. dægradvalar í Hörðuvallaskóla. **Auður Helgadóttir**, tómstunda- og félagsmálafræðingur og leikskólaleiðbeinandi í leikskólanum Klettaborg. **Hjördís H. Guðlaugs-dóttir**, tómstunda- og félagsmálafræðingur, stuðningsfulltrúi og leikskólakennari í Árborg. **Hera Sigurðardóttir**, verkefnisstj. í félagsm. Próttheimum. **Unnur Gísladóttir**, frístundaráðgjafi í félagsm. Próttheimum. **Alda Mjöll Sveinsdóttir**, tómstunda- og félagsmálafræðingur

og frístundaráðgjafi í félagsm. Bústöðum. **Ivar Örn Gíslason**, forstöðumaður skólavistunarinnar Hóla í Sunnulækjarskóla. **Alfa Aradóttir**, tómstunda- og félagsmálafræðingur og forstöðum. forvarna og æskulýðsmála hjá Akureyrarkaupstað. Aukaaðild: **Þróstur Freyr Sigfusson**, tómstunda- og félagsmálafræðinemi og forstöðum. í félagsmiðstöðinni Tvistinum á Hvolsvelli.

**Við bjóðum þau velkomin í félagið!**



Félag fagfólks  
í frítímapjónustu